

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um augasteinsaðgerðir.

Frá Svandísi Svavarsdóttur.

1. Hvernig hafa biðlistar eftir augasteinsaðgerðum þróast undanfarin tvö ár með tilliti til fjölda og biðtíma og hve margir einstaklingar eru nú á biðlista eftir slíkum aðgerðum?
2. Hversu margir einstaklingar hafa undanfarin tvö ár greitt augasteinsaðgerðir sínar að fullu úr eigin vasa, hversu margir að hluta og hversu margir hafa fengið þær gerðar fyrir fé úr sameiginlegum sjóði landsmanna? Óskað er eftir sundurliðun og nákvæmu yfirliti yfir skiptingu kostnaðar.
3. Hversu hár er að meðaltali kostnaður við augasteinsaðgerðir sem gerðar eru fyrir ríkisfé og hversu margar slíkar aðgerðir hafa verið gerðar undanfarin tvö ár?
4. Hyggst ráðherra grípa til aðgerða, og þá hverra, til að bæta aðgengi að augasteinsaðgerðum sem greiddar eru úr sameiginlegum sjóði landsmanna?

Skriflegt svar óskast.